

Persónulegar smitvarnir

Ekki er álitid að sauðfjárriða sé hættuleg fólki. Samt er ráðlagt að gæta almennra persónulegra smitvarna. Notaðu hlífðarfatnað, hanska og grímu við sýnatöku. Forðastu ávallt beina snertingu við heila.

Varnir gegn útbreiðslu smits

Gerðu ráðstafanir til að koma í veg fyrir smitun umhverfis. Mælt er með að leggja plast yfir svæðið sem sýnatakan fer fram á og farga plastinu sem sóttmenguðum úrgangi að henni lokinni.

Aðferð við sýnatöku úr mænukylfu (obex)

Áhöld:

- Hnífur til afhausunar
- Skeið til að fjarlægja mænukylfu
- Tennt töng
- Skurðarhnífur (scalpel)
- (Skæri)

Aðferð:


- Notaðu hníf til að taka hausinn af við atlanto-occipital liðinn (hnakkalið).
- Legðu hausinn niður þannig að foramen magnum (mænugat) snúi að þér.




- Taktu töngina í vinstri hendi og gríptu með henni í dura mater (mænubast). Taktu skærin í hægri hendi og klipptu himnuna eftir miðju línunni þannig að tveir flipar myndist. (Þessum lið má sleppa).
- Haltu í dura mater með tönginni og klipptu allar taugar frá mænunni með skærum eða með því að láta flötu hlið skeiðarinnar snúa að mænunni og skeiðinni umhverfis mænuna. Þetta er mikilvægasti liðurinn í að losa mænuna. Mænan þarf að vera laus allan hringinn, annars er ekki hægt að komast nægilega framfarlega til að ná allri mænukylfunni eða að einhverjar hliðar hennar verða eftir.




- Settu mænukylfuskeiðina með framhliðina niður, inn í göngin og renndu henni eins framarlega og hún kemst. Þá ætti fremsti hluti skeiðarinnar að vera rétt framan við mænukylfuna, aftan við tengingarnar við litlaheila (cerebellum).



- Taktu hausinn upp með vinstri hendi og þrýstu skeiðinni niður með vísifingri hægri handar og hreyfðu skeiðina fram og tilbaka til að losa mænuna frá heilanum rétt framan við mænukylfuna og aftan við tenginguna við litlaheila.



- Notaðu skeiðina til að draga varlega heilabútinn út úr göngunum. Mænukylfuna má þekkja af V-laga dæld. Þetta er allra mikilvægasti hlutinn fyrir greiningu.



Frágangur sýna

- Settu sýnið í vökvaheldan plastpoka eða sýnatökuglas. Settu svo sýnatökuglasið eða pokann í annan vökvaheldan plastpoka með vökvadrægu efni í og eyrnamerki kindarinnar. Lokaðu pokanum vel. Settu pokann síðan í flutningskassa úr efni sem verndar sýnin gegn höggum, þrýstingi og öðru álagi.
- Sýnin skal frysta ef þau fara ekki beint í rannsókn.

Sending sýna

- Hafðu samband símleiðis við Keldur (585-5100) ef það hefur ekki þegar verið gert og óskaðu eftir rannsókn.
- Fylltu út eyðublaðið „Rannsóknarbeiðni vegna riðurannsókna“ sem er að finna á heimasíðu Keldna: http://keldur.is/eydublod_og_rannsoknarbeidnir, settu það í plastpoka og síðan ofan í flutningskassann.
- Ef fleiri en eitt sýni eru í sendingunni er æskilegt að láta fylgja með lista yfir þau sýni sem eru í kassanum.
- Merktu kassann með eftirfarandi hætti:
Tilraunastöð HÍ að Keldum,
Keldnavegi 3,
112 Reykjavík
Frystivara/kælivara (eftir því sem við á)

Heimild

Stuðst var við leiðbeiningar á vefsíðu Canadian Food Inspection Agency.

<http://www.inspection.gc.ca/animals/terrestrial-animals/diseases/accredited-veterinarian-s-manual/chapter-7/eng/1345472078870/1345472451638?chap=5>